



- BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR
- ADALSTRÆTI 12 • 415 BOLUNGARVÍK
- SÍMI 450 7000 • FAX: 450 7009
- NETFANG: bolungarvik@bolungarvik.is
- VEFFANG: www.bolungarvik.is

Fjárlaganefnd Alþingis

Vt. Vigdís Hauksdóttir, formaður

150 Reykjavík

Bolungarvík 7. október 2015

Erindi: Nærþjónusta – opinber störf – atvinnutækifæri – málefni fatiaðra – málefni Heilbrigðisstofnunar

Bolungarvíkurkaupstaður fékk upplýsingar um það þann 18. september sl. að loka ætti útibúi Landsbankans innan 4 viðskiptadaga. Þá bárust einnig upplýsingar um að óskað væri eftir að loka afgreiðslu Íslandspósts rúmum mánuði síðar, en fram að þeim tíma yrði um skerta þjónustu að ræða.

Nærþjónusta – þjónustumiðstöð – þátttaka ríkisins

Bæjarráð Bolungarvíkur fundaði um málið strax þ. 18. september og mótmælti ákvörðuninni, þá fundaði bæjarráð aftur þann 21. september og hafði þá unnið aðgerðaáætlun sem miðaði að því að ná samkomulagi við aðila um að komið yrði upp **þjónustumiðstöð í samstarfi við Bolungarvíkurkaupstað, sem m.a. mundi sinna póstafréiðslu, gjaldkerapjónustu fyrir Landsbankann og umboði Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig yrði í þjónustuverinu bæjarskrifstofa Bolungarvíkur ásamt þeirri þjónustu sem þar er veitt.**

Aðgerðaáætlunin byggir m.a. á því að hægt verði að semja við Landsbankann um makaskipti á húsnæði bankans á götuhað að Adalstræti 12 í Bolungarvík og húsnæði Bolungarvíkurkaupstaðar sem er á 2. hæð sömu byggingar, Ráðhúsinu í Bolungarvík. Starfsemi sýslumannsins í Bolungarvík var einnig staðsett á öðrum stað í Ráðhúsinu, en stærstur hluti starfseminnar hefur nú verið fluttur á Ísafjörð. Eftir verða þó tvö stöðugildi sem annarsvegar sinna umboði Tryggingastofnunar ríkisins og hinsvegar innheimtu vanrækslugjalds vegna bifreiða sem ekki hafa verið færðar til skoðunar, en það gjald er lagt á skv. reglugerð nr. 8/2009.

Áform Bolungarvíkurkaupstaðar um þjónustumiðstöð hafa ýtt við umræðunni og getur miðstöðin eflaust orðið fyrirmynd að fleiri slíkum í smærri byggðarlögum þar sem íbúar geta sótt margskonar þjónustu á einum stað. Samnýting á almennu rými, starfsmannaaðstöðu og fleiri þáttum ætti að gera reksturinn hagkvæmari. Það er ekki sjálfgefið að kostnaðurinn við að búa til slíka þjónustumiðstöð lendi alfarið á sveitarfélaginu.

Því er hér farið fram á a ríkið komi með 10 milljóna króna framlag til þátttöku í þeim kostnaði sem sveitarfélagið verður fyrir vegna flutnings bæjarskrifstofu og uppsetningar á þjónustuveri, en fjárhæðin er nálægt því sem innheimt er í vanrækslugjald á viku hjá embætti sýslumannsins á Vestfjörðum (í Bolungarvík).

Sýslumannsembættið í Bolungarvík (nú Vestfjörðum) hafði forgöngu um að vanrækslugjaldinu yrði komið á á sínum tíma og hefur haft innheimtu þess með höndum frá upphafi, enda voru sýslumenn hvattir til að finna embættunum ný verkefni til eflingar þeirra þannig að þau gætu starfað áfram. Nú þegar innheimtir hafa verið meira en tveir milljarðar króna og ekkert lát virðist vera á tekjunum hefur ríkið ákveðið að „verðlauna“

embættið/bæinn með því að færa það úr sveitarfélaginu. Vonir standa þó til að það stöðugildi sem sinnir að mestu innheimtu vanrækslugjaldsins verði áfram í Bolungarvík ásamt stöðugildi vegna umboðs Tryggingastofnunar ríkisins.

Með tilfærslu starfa við sameiningu sýslumannsembætta og nú með lokun útibús Landsbankans er ljóst að á annan tug starfa hefur verið flutt úr bæjarfélaginu á nokkrum mánuðum sem öll tengjast ríkinu á einhvern hátt. Auðvelt er að taka fleiri dæmi um flutning opinberra starfa úr bænum t.d. við sameiningu Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Nýlega ætlaði hinsvegar allt um koll að keyra þegar tekin var ákvörðun um flutning Fiskistofu úr Hafnarfirði til Akureyrar. Þar var um að ræða tilflutning á innan við 70 störfum á vegum ríkisins á milli byggðarlaga sem bæði eru reyndar í vexti. Flutningur á 70 störfum úr bæ sem telur tæplega 28 þúsund manns jafngildir flutningi á 2,5 störfum á hvern íbúa. **Í Bolungarvík hefur störfum sem tengjast ríkinu með beinum eða óbeinum hætti fækkað um á annan tug á örfáum mánuðum, eða a.m.k. fimmfalt á við það sem mun gerast með flutningi Fiskistofu.**

Opinber störf – tilbúið húsnæði

Það er skýlaus krafa Bolungarvíkurkaupstaðar eftir þær hremmingar sem orðið hafa hvað varðar opinber störf, að í staðinn komi störf frá ríkinu enda liggur fyrir að ríkið og fyrirtæki í eigu ríkisins eiga nægt húsnæði í Bolungarvík til að taka við mörgum tugum starfsmanna. Húsnæði sem er jafnvel tilbúið til notkunar, með húsgögnum og tilheyrandi.

Um er að ræða nálægt 950 fermetra húsnæði í Ráðhúsinu í Bolungarvík, en brunabótamat þess er um 250 mkr. Þá á Landsbankinn einnig annað 270 fermetra skrifstofuhúsnæði í bænum, með aðgengi fyrir alla, sem er aðeins notað að hluta og er það að brunabótamati u.þ.b 66 mkr. Það er því auðvelt að taka á móti verkefnum frá ríkinu af ýmsum stærðum og gerðum. Gera má ráð fyrir að sambærilegt húsnæði í á höfuðborgarsvæðinu kosti ekki undir 300 milljónum króna.

Þá ber að athuga að með þeim samdrætti sem orðið hefur hjá hinu opinbera í Bolungarvík hefur orðið algjör markaðsbrestur á skrifstofuhúsnæði og ruðningsáhrifin bitna auðvitað líka á þeim sem þar stunda atvinnurekstur og eiga sitt skrifstofuhúsnæði.

Ríkið verður að taka upp þau vinnubrögð að þegar ný störf/stofnanir á þess vegum verða til þá sé það kannað sérstaklega hvort hentað geti að hafa þau á stöðum eins og í Bolungarvík sem smátt og smátt hefur séð á eftir öllum opinberum störfum úr bænum.

Atvinnulífið

Bolungarvík liggur vel við fiskimiðum og byggir atvinnulífið því mest á sjósókn og fiskvinnslu. Afkoma bæjarsjóðs er í beinu hlutfalli við aflabrogð og fiskverð. Einnig er mjólkurvinnslan Arna í bænum, en fyrirtækið hefur komið fram með ýmsar nýjungar í mjólkurafurðum. Þá eru í Bolungarvík starfandi ýmiss önnur fyrirtæki, þ.á.m. sprotafyrirtækið True Westfjords Trading, en fyrirtækið framleiðir lýsi undir nafninu Dropi. Ferðaþjónusta fer vaxandi, en hefur ekki tekið þann kipp ennþá sem vonast hefur verið eftir. Ýmsar forsendur eru til staðar til að svo megi verða, en til þess þarf fjárfesta sem eru reiðubúnir að taka stökkið.

Á undanförunum 10 til 15 árum hefur verið fjárfest mikið í auknum aflaheimildum í Bolungarvík þá hefur orðið mikil fjárfesting í nýjum bátum. Fiskvinnslan er líka að fjárfesta í nýrri tækni sem leiðir fremur til fækkunar en

fjölgunar starfa. Fjölbreyttara atvinnulíf er forsenda þess að hægt sé að laða að fleira fólk. Atvinnulíf sem eingöngu býður upp á sjómennsku og störf í fiskvinnslu er einfaldlega of einhæft.

Atvinnutækifæri

Mikil tækifæri eru í Bolungarvík fyrir fyrirtæki sem eru í hafnsækinni starfsemi. Sem dæmi má nefna að frábær aðstaða er til staðar til að setja upp kalkþörungavinnslu á staðnum. Samkvæmt úttekt sem gerð var af sérfræðingum Roullier Group, sem er eitt stærsta fyrirtæki heims á sínu sviði, eru allar aðstæður í Bolungarvík hinar ákjósanlegustu.

- Stutt er að ná í hráefnið (kalkþörungur) sem finnst í Ísafjarðardjúpi í miklu magni.
- Hafnaraðstæður eru ákjósanlegar.
- Lóð og húsnæði sem hentar vel til starfseminnar er til staðar.
- Góð tenging við rafmagn er til staðar auk þess sem þar er staðsett 11MW varaafllstöð.

Unnið hefur verið að því fá árinu 2011 að koma á kalkþörungavinnslu í Bolungarvík og er umsóknarferli um slíka vinnslu nú þegar í gangi. Umsóknin byggir m.a. á niðurstöðum rannsókna sem Roullier Group lét gera fyrir nokkrum árum, en búast má við að gera þurfi viðbótarrannsóknir áður en leyfi verður veitt. Þá þarf að fara fram mat á umhverfisáhrifum. Unnið er að verkefninu í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

Fleiri tækifæri tengd hafnsækinni starfsemi hafa skotið upp kollinum, sem of snemmt er að segja til um hvort geti orðið að veruleika. Það er hinsvegar ljóst að gott framboð af iðnaðarlóðum í aðalskipulagi Bolungarvíkur sem m.a. geta tengst hafnsækinni starfsemi er eitt af styrkleikum Bolungarvíkur. Það getur skipt sköpum við að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið á staðnum. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða er lykilaðili við leit og úrvinnslu á slíkum tækifærum.

Ungt fólk og atvinna

Ef takast á að laða ungt fólk að stöðum eins og Bolungarvík þarf að tryggja:

- að þar séu góðir skólar
- að þar sé góð þjónusta af hendi sveitarfélagsins t.d. íþróttahús og sundlaug
- að þar sé í boði möguleikar fyrir börn til að stunda íþróttir og önnur áhugamál í frístundum
- að þar sé fjölbreytt atvinnulíf og framboð af fjölbreyttri atvinnu
- að þar sé traust atvinnulíf sem fólk hefur trú á
- að þegar störf á vegum ríkisins hverfa úr sveitarfélaginu vegna hagræðingaraðgerða þá sé hugað að því að koma með önnur störf í staðinn - ríkið getur ekki alfarið varpað þeirri ábyrgð á sveitarfélagið

Enn og aftur er því skorað á ríkið að koma með störf til Bolungarvíkur.

Málefni fatlaðra

Fjórðungssamband Vestfirðinga f.h. Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks hefur vakið athygli stjórnvalda á þeim gríðarlega halla sem er á rekstri BsVest, en reiknað er með **halla sem nemur um 120 mkr. á árinu 2015.**

Hallinn pr. íbúa jafngildir því að um væri að ræða hafa sem nemur 2 milljörðum í Reykjavík eða 5,6 milljörðum á landinu öllu. Hallinn á málaflokknum á öllu landinu er hinsvegar líklega nálægt því að vera 1,5 ma. (án ábyrgðar) þannig að hallinn er u.þ.b. fjórum sinnum meiri á Vestfjörðum en að meðaltali á landinu.

Málaflokki skilað

Sveitarfélögin vilja að sjálfsgöðu standa vel að málaflokknum þannig að lög séu uppfyllt. Lögin eiga líka að tryggja næga fjármuni til að það sé hægt. Það virðast þó vera einhver göt í lögunum sem valda því t.d. að fötluðum einstaklingi undir 18 ára aldri fylgja meiri fjármunir en þegar hann nær 18 ára aldri.

Það er ekkert annað í stöðunni að mati sveitarfélaga sem standa að BsVest, en að skila málaflokknum aftur til ríkisins. Jafnvel þótt helmings leiðrétting kæmi frá Jöfnunarsjóði til að mæta umframútgjöldum á þjónustusvæði BsVest þá væri hallinn algjörlega óásættanlegur, verandi þá tvöfalt meiri en meðaltalið. Þetta hefur ekkert með vilja að gera og þetta er ekki hótun, heldur er einungis um raunsætt mat að ræða á þeirri stöðu sem upp er komin og sveitarfélögin hafa ekki ráð á.

Málefni Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða


Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þarf aukið fjármagn til rekstrar. Að sögn stjórnenda stofnunarinnar ættu að vera 9 lækna og 1 námslæknir við stofnunina sé miðað við úthlutunarlíkan heilbrigðisráðuneytisins. Læknarnir eru hinsvegar einungis 5 að tölu. Samt er það þannig að reksturinn er í járnum. Ætla má að til að ná jafnvægi með eðlilegum fjölda lækna þá vanti a.m.k. 120 mkr.

Þegar hætt var að hafa starfandi lækna í minni byggðkjörnum og þeir fluttir á Ísafjörð var dregið úr kostnaði. Það kemur þó á móti að reikna má með á hverjum tíma sé a.m.k. einn læknir í akstri á milli staða. Kannski vantar að taka þá breytu inn í kostnaðarlíkan fyrir rekstur Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Læknir sem situr undir stýri sinnir ekki sjúklingum á meðan. Stöðugildi lækna sem sinna læknaströfum eru því í raun einu færra en talan 5 gefur til kynna. Samt duga framlögin ekki fyrir rekstri stofnunarinnar.

Taka þarf meira tillit til þess að um er að ræða litla stofnun á stóru þjónustusvæði þannig að kostnaður á íbúa verður alltaf mun hærrí en hjá stærri stofnunum sem þjóna fáum byggðakjörnum.

Þjónusta Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða er hluti af þeirri grunnþjónustu sem verður að vera til staðar. Skerðing á grunnþjónustunni minnkar samkeppnishæfni svæðisins sem er nokkuð sem Vestfirðir mega engan veginn við.

F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar



Elías Jónatansson, bæjarstjóri